

ÁRSSKÝRSLA  
2010

**fjs** FJÁRSÝSLA  
RÍKISINS





ÁRSSKÝRSLA  
2010

FJÁRSÝSLA RÍKISINS  
JÚNÍ 2011

Ljósmyndir: Stefán Kjærnested  
Microsoft Clip Art

# EFNISYFIRLIT

	Bls.
Formáli fjársýslustjóra	4
Um Fjársýslu ríkisins	6
Hlutverk og stefna	6
Markmið og áherslur	7
Starfsemin á árinu	8
Umsvif	8
Fjármál	10
Starfsmenn og þróun	12
Kennitölur	14
Ársreikningur 2010	18
Staðfesting ársreiknings	19
Áritun endurskoðenda	20
Rekstrarreikningur	21
Efnahagsreikningur	22
Sjóðstreymi	23
Skýringar	24

## FORMÁLI FJÁRSÝSLUSTJÓRA

Árið 2010 var umfang starfseminnar svipað og árið á undan. Framlög til stofnunarinnar voru skert annað árið í röð og var gætt ítrasta aðhalds til að vera innan fjárhagsrammans án þess að það bitnaði um of á þjónustustiginu. Rík áhersla var lögð á að hraða birtingu upplýsinga um fjárhagsstöðu einstakra ríkisaðila og ríkissjóðs bæði innan ársins og fyrir árið í heild. Ríkisreikningur fyrir árið 2009 kom út í júnílok á árinu 2010.

Sem fyrr er veigamikill þáttur í starfsemi stofnunarinnar að vinna að áframhaldandi þróun á upplýsingakerfum í umsjá hennar. Stór hluti ársins fór í undirbúning að innleiðingu á nýrri útgáfu af Orra, fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, og var hún tekin í notkun í október 2010. Algengt er að teknar séu í notkun nýjar útgáfur af kerfinu en í þessu tilviki fól hún í sér mun viðtækari breytingar en almennt tíðkast. Verkefnið kallaði á umfangsmikinn undirbúning því ákveðið var að yfirfara allar séraðlaganir í kerfinu með það fyrir augum að fækka þeim. Í heild verður ekki annað sagt en að innleiðingin hafi tekist ágætlega, en óneitanlega komu upp ýmsir tæknilegir erfiðleikar sem þurfti að leysa og stóð sú vinna fram undir mitt ár 2011.

Haustið 2010 ákváðu stjórnvöld að flytja starfsemi stofnunarinnar úr miðbæ Reykjavíkur í húsnæði að Vegmúla 3. Þó svo að flutningurinn færi fram á fyrri hluta ársins 2011 krafðist hann töluverðs undirbúnings fyrri hluta vetrar ekki síst í ljósi þess mikla magns fylgiskjala og gagna sem eru í vörslu stofnunarinnar. Hér er einkum um að ræða ýmis vandmeðfarin gögn sem krefjast varðveislu og þurfa alltaf að vera aðgengileg. Jafnframt var ljóst að gagnageymslur og hillupláss voru töluvert minna í hinu nýja húsnæði. Að öðru leyti er nýja húsnæðið hið ákjósanlegasta.

Í heild skilaði stofnunin 88 m. kr. afgangi á árinu 2010, þar af voru 11 m. kr. vegna almenns rekstrar, 63 m. kr. af rekstri upplýsingakerfa og 14 m. kr. vegna stofnkostnaðar. Afkoman var **6,2% innan fjárheimilda ársins. Gjöld umfram sértekjur námu 1.336 millj. kr. en fjárveiting** ársins nam 1.424 millj. kr. Rekstrargjöld stofnunar námu 509 millj. kr., rekstur upplýsingakerfa **817 millj. kr. og stofnkostnaður 10 millj. kr.**

Gætt var mikils aðhalds í rekstrargjöldum og starfsmannahaldi hjá stofnuninni. Starfsmannafjöldi í árslok var 66 samanborið við 71 árið á undan. Starfsmannavelta ársins var 10,0% samanborið við 4,2% árið á undan. Þrátt fyrir fækkun starfsfólks hefur verið reynt að viðhalda þjónustustiginu og hafa starfsmenn mætt auknu álagi með jafnaðargeði og er það þakkarvert.

Gunnar H. Hall  
fjársýslustjóri





FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra og starfar samkvæmt lögum nr 88/1997 um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins

Stofnuninni ber að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð

## UM FJÁRSÝSLU RÍKISINS

### Hlutverk og stefna

FJS starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármála-ráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af fjármála-ráðherra til fimm ára í senn.

#### Hlutverk

Hlutverk stofnunarinnar er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Jafnframt ber stofnuninni að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslu-miðlun fyrir ríkissjóð.

#### Gildi

FJS hefur sameiginleg gildi að leiðarljósi sem eiga að tryggja samræmi í daglegu starfi hennar.

- Uppfylla þarfir hagsmunaaðila, þ. e. viðskiptavina, samstarfsaðila, starfsmanna og samfélagsins í heild.
- Vinni að því að efla traust og áreiðanleika við meðferð fjármuna og færslu bókhalds.
- Vera fyrirmynd annarra fyrirtækja og stofnana með áherslu á frumkvæði, nýsköpun, hæfni og starfsánægju.

#### Framtíðarsýn

- FJS kappkosti að veita viðskiptavinum sínum hraða og örugga þjónustu.
- Stofnunin verði góð fyrirmynd á sínu sviði hvað varðar fagmennsku í starfi.
- Vera leiðandi fyrir ríkið á sviði bókhalds- og áætlanagerðar og hafa frumkvæði við að innleiða hagnýtar nýjungar í tækni og vinnubrögðum.
- Upplýsingakerfi ríkissjóðs verði öflug, hagkvæm í rekstri og svari kröfum notenda.

#### Verkefni

1. Gerð og framsetning uppgjóra fyrir ríkissjóð, ásamt útgáfu ríkisreiknings.
2. Móttaka innheimtufjár og annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
3. Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
4. Rekstur upplýsingakerfa, þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
5. Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launa-afgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
6. Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og um tilhögun innra eftirlits.
7. Færsla fjárhags- og launabókhalds og annast greiðslur fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
8. Umsjón með innheimtugagnavinnum ríkissjóðs



## Markmið og áherslur

### Almennar áherslur

Lögð er áhersla á að FJS veiti hagkvæma og góða þjónustu. Hún er þjónustustofnun og því mikilvægt að viðskiptavinir séu ánægðir. Það verður aðeins tryggt með góðri þjónustu-lund hjá starfsfólki, traustri sérfræðikunnáttu og hagnýtum upplýsingakerfum sem eru örugg í rekstri. Jafnframt er áriðandi að upplýsingakerfin séu öflug og skilvirk þannig að þau svari kröfum notenda hverju sinni.

Mikilvægt er að efla samstarf við viðskiptavinum og samstarfsaðila. Þróun hugbúnaðar skiptir miklu máli í bókhaldi og því mikilvægt að vel sé staðið að því í samstarfi við hlutaðeigandi aðila.

FJS leggur áherslu á áframhaldandi þróun og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum. Hér er um viðamikil verkefni að ræða, sem þarf að fylgja eftir með frekari þróun, öflugri fræðslustarfsemi og verklagsreglum fyrir notendur kerfisins. Að öðrum kosti næst aldrei sú hagræðing sem að var stefnt með fjárfestingunni.

### Stjórnunaráherslur

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðipækkingu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum. Verkefni eru bæði víðtæk og sérhæfð. Lykilatriði er að stofnunin hafi á að skipa hæfu starfsfólki sem býr yfir víðtækri þekkingu á því sviði sem stofnunin starfar á. FJS hefur lagt fram áherslur í starfsmannastjórnun innan stofnunarinnar með það fyrir augum að auðvelda vinnuna og samræma áherslur. Þessar áherslur miða að því að veita stjórnendum yfirsýn yfir mannauð stofnunarinnar og að bæta upplýsingaflæði innan hennar.

### Mannauður

Starfsemi FJS einkennist af mikilli sérhæfingu, verkaskiptingu og samræmingarstarfi á upplýsingum og gögnum sem unnið er með. Í því felast ákveðin þekkingarverðmæti og mikilvæg tengsl við samstarfsaðila og viðskiptavinum. Áriðandi er að starfsmenn eigi kost á fræðslu í ljósi krafna um sérhæfingu, góða þjónustu og notkun á nýrri tækni. Stofnunin gerir jafnframt kröfur til starfsfólks um öguð vinnubrögð og að það ljúki sínum verkum tímanlega, t.d. í tengslum við launaútborganir, greiðslur styrkja og bóta, greiðslur reikninga, færslu bókhalds o.s.frv. Almenn er starfsfólkið meðvitað um mikilvægi, nákvæmni og tímanleika fyrir verkefni stofnunarinnar og leggur metnað í að leysa störf sín vel af hendi. Lögð er áhersla á að gefa starfsmönnum kost á að sækja nauðsynlega fræðslu og endurmenntun til að styrkja þekkingu þeirra og hæfni í starfi.

Lögð er áhersla á að FJS veiti hagkvæma og góða þjónustu

FJS leggur áherslu á áframhaldandi þróun og rekstur á fjárhags- og mannauðskerfi Oracle hjá ríkissjóði, ráðuneytum og stofnunum.

Sérstaða FJS felst í ákveðinni sérfræðipækkingu á bókhaldi og upplýsingakerfum hjá ríkissjóði og ríkisstofnunum.

Ársskýrsla stofnunarinnar og ársreikningar stofnana voru alfarið færðir yfir í rafræna útgáfu á árinu

Launaseðlar eru nú alfarið rafrænir og aðgengilegir starfsmönnum í sjálfsafgreiðslu Orra sem og í öllum heimabönkum

Síðla árs 2010 ákváðu stjórnvöld að flytja starfsemi stofnunarinnar úr miðbæ Reykjavíkur í húsnæði að Vegmúla 3 og hófst þá strax vinna við undirbúning að flutningi stofnunarinnar

Útgáfa 12 af Orra var tekin í notkun **4. október en útgáfa 12 fól í sér mun** viðtækari breytingar á kerfinu en áður

## STARFSEMIN Á ÁRINU

### Umsvif

Starfsemi Fjárskýslunnar var í aðalatriðum með hefðbundnu sniði á árinu 2010. Ríkisreikningur fyrir árið 2009 kom út í júnílok 2010. Annað árið í röð voru fjárveitingar til rekstrar gjalda hjá stofnuninni lækkaðar eða um 9,0% á árinu 2010, en framlög til rekstrar og stofnkostnaðar við upplýsingakerfin voru óbreytt. Mikil áhersla var lögð á að ná fram aðhaldi og sparnaði í rekstri til að halda starfsemi innan þess fjárhagsramma sem henni var markaður.

Góður árangur náðist í fjármálum stofnunarinnar á árinu 2010. Afkoman í heild var jákvæð um 88 m. kr., þar af var 74 m.kr. afgangur í rekstri og 14 m.kr. í stofnkostnaði. Rekstrarafgangurinn skýrist einkum af aðhaldi í gjöldum og af markvissum sparnaðar- og hagræðingaraðgerðum. Þá lögðu starfsmenn sín lóð á vogarskálarnar og tóku virkan þátt í þessum aðgerðum. Mikil breyting varð á starfsmannahaldinu á árinu en sjö starfsmenn létu af störfum, þar af þrír fyrir aldurs sakir. Aðeins tveir nýir starfsmenn voru ráðnir til stofnunarinnar á árinu. Vissulega hafa þessar breytingar haft í för með sér verulega aukið álag á aðra starfsmenn. Samhliða þessu voru laun fjölmargra starfsmanna stofnunarinnar lækkuð í ársbyrjun 2010 í framhaldi af tilmælum ríkisstjórnarinnar þar að lútandi. Áhrif framangreindra þátta komu fram í töluverðri lækkun á launakostnaði hjá stofnuninni.

Liður í öðrum aðhaldsaðgerðum hjá stofnuninni var að draga verulega úr pappírnotkun, prentun og útsendingum. Þetta átti við stóran hluta af útgáfum á vegum FJS eins og ársskýrslu stofnunarinnar og ársreikninga stofnana sem voru alfarið færðir yfir í rafræna útgáfu á árinu. Prentun og útsendingu launaseðla var að fullu hætt á fyrri hluta ársins og eru þeir nú alfarið rafrænir, aðgengilegir starfsmönnum í sjálfsafgreiðslu Orra sem og í öllum heimabönkum. Loks skilaði rekstur upplýsingakerfa nokkrum afgangi sem má að stórum hluta rekja til afsláttarsamninga sem fengust fyrir hugbúnaðarkerfi FJS.

Fyrir utan hefðbundin verkefni hjá stofnuninni á árinu er helst að nefna vinnu við undirbúning að flutningi stofnunarinnar og áframhaldandi vinna við þróun og viðhald á upplýsingakerfum Fjárskýslunnar.

### ■ Undirbúningur að flutningi í ný húsakynni

Á árinu 2002 var starfsemi Ríkisbókhalds og embættis Ríkisféhirðis sameinuð undir Fjárskýslu ríkisins. Starfsemi þessara embætta hefur alla tíð, þ.e. allt frá árinu 1905, verið staðsett í miðbæ Reykjavíkur í nánd við Arnarhólinn. Síðla árs 2010 ákváðu stjórnvöld að flytja starfsemi FJS að Vegmúla 3 og var það gert á fyrri hluta ársins 2011. Um leið og ákvörðun um flutning lá fyrir hófst mikil undirbúningsvinna ekki síst í ljósi allra þeirra sögulegu gagna sem stofnunin vistar sem þurfa jafnan að vera aðgengileg. Er hér bæði um að ræða mikið magn bókhaldsfylgiskjala og launagögn fyrir ríkisstarfsmenn um margra áratuga skeið. Unnið var að því að setja niður tímaáætlun í þessu samhengi, skipuleggja starfsemi stofnunarinnar í nýju húsnæði og yfirfara fjárhagsleg áhrif breytinganna á afkomu FJS.

### ■ Orri, rekstur og þróun

Á árinu 2009 var gerður samningur við Skýrr um innleiðingu á nýrri útgáfu af Orra, útgáfa 12. Frá því að kerfið var tekið upphaflega í notkun á árinu 2002 hafa margar útgáfur verið teknar í notkun, en útgáfa 12 fól í sér mun viðtækari breytingar á kerfinu. Verkefnið krafðist því umfangsmikils undirbúnings og miðaðist samningurinn við að nýja útgáfan yrði tekin í notkun í byrjun október 2010. Stór hluti breytinganna voru ekki sýnilegar notendum heldur snéru þær að grunnvirkni kerfisins en þó mismunandi eftir kerfishlutum.

Í tengslum við þessar aðgerðir var ákveðið að yfirfara allar séraðlaganir í kerfinu, reyna að fækka þeim, og nota í staðinn staðlaða virkni í nýrri útgáfu kerfisins. Gerð var greining á eldri útgáfu og allir ferlar kortlagðir. Að því búnu var skoðað hvaða breytingar ný útgáfa hefði í för með sér og hvort unnt væri að afleggja ýmsar séraðlaganir. Sú séraðlögun sem skipti mestu máli var meðhöndlun kerfisins á VSK og kostaði mikla vinnu við að finna leiðir til að leggja hana af og nýta staðlaða með-

höndlun kerfisins á VSK. Í byrjun árs voru gerðar breytingar á tegundalykli Orra sem tengdust breyttri meðferð á VSK í hinni nýju útgáfu.

Útgáfa 12 af Orra var tekin í notkun 4. október. Samhliða gangsetningu hennar var notendum Orra boðið uppá notendaaðstoð með ýmsum hætti. Settar voru upp vinnubúðir þar sem sérfræðingar voru notendum til aðstoðar auk þess sem símaþjónusta var efl. Þá var boðið upp á ýmis vefnámskeið og kynningar þar sem farið var yfir helstu breytingar og nýjungar í útgáfunni.

Í kjölfar þess að ný útgáfa var tekin í notkun komu óneitanlega upp fjölmargar erfiðar tæknivillur sem kostaði töluverða vinnu að leysa og stóð sú vinna fram undir mitt ár 2011. Stóran hluta þessara villna leystu starfsmenn Fjársýslunnar og Skýrr með sameiginlegu átaki, en í nokkrum tilvikum komu fram villur í grunnkerfinu sem óhjákvæmilega þurfti atbeina Oracle til að leysa.

Auk nýrrar útgáfu af Orra var fram haldið ýmsum verkefni við framþróun kerfisins. Þar er helst að nefna:

- Endurhönnun á skattaútreikningi launa í kjölfar fjölgunar á skattþrepum úr einu í þrjú;
- Frekari þróun á ráðningakerfinu og voru 25 stofnanir farnar að nýta það í árslok 2010;
- Innleiðingu á Vinnustund var fram haldið. Í árslok voru 82 stofnanir í virkri notkun á kerfinu;
- Svokallað fræðsluferli var tekið í notkun á árinu. Þar gefst stofnunum m.a. kostur á að halda utan um menntun starfsmanna, skráningu á námskeið og rafræn námskeið.

## Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR), rekstur og þróun

Á árinu voru settar inn fjölmargar nýjar útgáfur af TBR og voru það ýmist stórar eða minni háttar breytingar á einstökum kerfishlutum. Þessar breytingar hafa einkum miðast við að auðvelda notendum vinnu í kerfinu og samskipti við gjaldendur. Lögð var aðaláhersla á innleiðingu breytinga vegna sérstakra ráðstafa ríkisstjórnarinnar í málefnum einstaklinga og lögaðila. Bæði var um að ræða breytingar á lögum og reglum fjármálaráðuneytis sem kölluðu á endurskoðun á ferlum og vinnslum.

Reglum ráðuneytisins varðandi greiðsluforgang var breytt frá og með ársbyrjun 2010. Forganginum var breytt þannig að nú er greiðslu skuldara fyrst ráðstafað innan hvers tímabils/árs upp í kostnað, þá höfuðstól og síðast vexti. Áður var forgangsróðunin fyrst kostnaður, þá vextir og síðast höfuðstóll. Breytingin hafði viðtæk áhrif á greiðsludreifingu, skuldajöfnuð, greiðslu- og skuldajafnaðarkvittanir, vanskilavinnsur og samskipti við bankakerfið.

Nýjum hlut, Gjaldandi – greiðsluuppgjör, var bætt við vegna laga nr. 24/2010 um greiðsluuppgjör á opinberum gjöldum lögaðila og einstaklinga í atvinnurekstri. Lögaðilar og einstaklingar sem eru og hafa verið í atvinnurekstri og eru í vanskilum með virðisaukaskatt, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjald og þing- og sveitarsjóðsgjöld sem hafa gjaldfallið fyrir 1. janúar 2010 geta sótt um frest á vanskilum til 1. júlí 2011 með sérstöku greiðsluuppgjöri við innheimtumenn. Þetta kallaði á nýja vöktunar- og vanskilaferla og nýjar athugasemdarmerkingar, þar einn heimtumaður verður að skrá inn greiðsluáætlun vegna greiðsluuppjörs.

Þá var sérstakur eftirlits- og vanskilaferill settur upp vegna laga nr. 101/2010 með síðari breytingum um greiðsluáðlögun einstaklinga. Nýjar athugasemdarmerkingar voru stofnaðar á þær kröfur sem sendar eru til umsjónarmanns skuldara við innköllun og síðar samþykktar í greiðsluáðlögunarferlinu.

Auk framangreindra verkefna við þróun og aðlögun kerfisins að breyttum aðstæðum er helst að nefna:

- Unnið var að breytingum á útreikningi á hluta Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í útsvari sveitarfélaga vegna flutnings á málefnum fatlaðra til þeirra í upphafi árs 2011.
- Nokkrir nýir gjaldflokkar og gjaldaliðir voru teknir inn á árinu. Þar er helst að nefna auðlegðarskatt sem innheimtur er með þing- og sveitarsjóðsgjöldum.
- Síðustu ár hefur verið unnið að lokun TBI, eldra innheimtukerfis ríkisins, sem geymir kröfur frá 1981-1999. **Kerfinu var lokað í árslok 2010 og eftirstöðvar fluttar yfir í TBR.**

Í kjölfar þess að ný útgáfa var tekin í notkun komu óneitanlega upp fjölmargar erfiðar tæknivillur sem kostaði töluverða vinnu að leysa og stóð sú vinna fram undir mitt ár 2011

Auk nýrrar útgáfu af Orra var fram haldið ýmsum verkefni við framþróun kerfisins

Settar voru inn fjölmargar nýjar útgáfur af TBR á árinu, ýmist stórar eða minni háttar breytingar á einstökum kerfishlutum

Reglum fjármálaráðuneytisins varðandi greiðsluforgang var breytt frá og með ársbyrjun 2010 á þann veg að nú er greiðslu skuldara fyrst ráðstafað innan hvers tímabils/árs upp í kostnað, þá höfuðstól og síðast vexti.

Mikils aðhalds var gætt í starfsemi stofnunarinnar á árinu 2010 og var unnið áfram markvisst að sparnaði og hagræðingu

## Fjármál

Rekstrarsvið annast fjármál stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana í náinni samvinnu við fjársýslustjóra. Í tengslum við gerð árlegra rekstraráætlana er farið yfir málefni einstakra sviða með viðkomandi forstöðumönnum. Er það gert til að fá betri heildarsýn á fjármál stofnunarinnar og tryggja samræmda forgangsriðun verkefna. Jafnframt er unnið sameiginlega að gerð langtímaáætlunar og ársskýrslu fyrir stofnunina. Langtímaáætlunin endurspeglar stefnumörkun og megináherslur starfseminnar til lengri tíma. Rekstraráætlunin hverju sinni tekur jafnan mið af samþykktri langtímaáætlun innan þess ramma sem fjárveitingar leyfa. Í ársskýrslu er loks gerður samanburður á útgjöldum og fjárheimildum auk tölulegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

Afkoma Fjársýslunnar var jákvæð um 88 millj. kr. á árinu 2010. Heildargjöld ársins að fradregnum sértekjum voru 1.336 millj. kr., hækkuðu um 13 millj. kr. eða 1% frá árinu á undan. Fjárheimildir ársins námu alls 1.424 millj. kr., hækkuðu um 23,4 millj. kr. eða 1,7% frá árinu á undan.

### Rekstrarafkoma FJS 2008 - 2010

Í millj. kr.	2010	2009	2008
Sértekjur	-0,8	-2,1	-6,3
Rekstrargjöld	509,1	526,4	519,2
Rekstur upplýsingakerfa	817,4	792,2	717,9
Stofnkostnaður upplýsingakerfa	10,1	6,2	19,4
Gjöld umfram sértekjur	1.335,8	1.322,7	1.250,2
Framlag ríkissjóðs	1424,0	1.400,6	1.239,3
Hagnaður / tap ársins	88,2	77,9	-10,9

Jákvæð afkoma ársins skiptist þannig að rekstur stofnunarinnar skilaði 11,5 millj. kr. afgangi, rekstur upplýsingakerfa 62,9 millj. kr. og hugbúnaðargerð 13,8 millj. kr.

### Afkoma 2010 eftir viðfangsefnum FJS

Í millj. kr.	Reikningur	Fjárheimild	Frávik
Almennur rekstur	508,2	519,7	11,5
Tekjubókhaldskerfi	359,3	381,7	22,4
Fjárhags- og starfsmannakerfi	458,1	498,6	40,5
Almennur rekstur samtals	1.325,7	1.400,0	74,3
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	10,1	9,0	-1,1
Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsm. kerfi	0,0	15,0	15
Stofnkostnaður samtals	10,1	24,0	13,9
Gjöld umfram sértekjur	1.335,8	1.424,0	88,2

Mikils aðhalds var gætt í starfsemi stofnunarinnar á árinu 2010 og var unnið áfram markvisst að sparnaði og hagræðingu. Starfsmenn hafa almennt verið jákvæðir gagnvart þessum aðgerðum og tekið virkan þátt í þeim. Mikil breyting varð á starfsmannahaldinu á árinu en sjö starfsmenn létu af störfum og voru þrjú af þeim sem hættu fyrir aldurs sakir. Að auki fengu tveir starfsmenn launalaust árs leyfi. Aðeins tveir starfsmenn voru ráðnir inn nýir í þeirra stað og þar af annar aðeins tímabundið. Vissulega hefur þetta haft í för með sér aukið álag á starfsmenn. Á þennan hátt náðist töluverð lækkun í launakostnaði ásamt því að laun voru lækkuð og aksturssamningum við starfsfólk var sagt upp í byrjun ársins. Áframhaldandi hagræðing leiddi einnig til mikils sparnaðar í rekstrargjöldum. Þá má helst nefna að öll útgáfa á vegum FJS, s.s. ársskýrslan og

ársreikningar stofnana fluttist yfir í rafræna útgáfu. Loks er þess að geta að rekstur upplýsingakerfa skilaði góðum afgangi sem er einkum að rekja til samninga um sérstakan afslátt af rekstri tölvukerfa FJS á árinu.

Staða fjárheimilda 2008 - 2010


Í millj. kr.	2010	2009	2008
Staða í ársbyrjun	208,0	130,1	141,1
Breyting vegna lokafjárlaga	-54,3	0	0
Hagnaður / tap ársins	88,2	77,9	-10,9
Staða í árslok	241,9	208,0	130,1

Í árslok 2010 var fjárheimildastaðan jákvæð um 241,9 millj. kr. Að öðru leyti vísast til ársreiknings FJS og skýringa hér aftar í skýrslunni.





### Kynjahlutfall starfsmanna




Í árslok 2010 voru starfsmenn FJS 66, hafði fækkað um fimm frá því árið á undan.

### Starfsmenn og þróun

Í árslok 2010 voru starfsmenn FJS 66, hafði fækkað um fimm frá því árið á undan. Karlmenntu eru lítið færri en konur, 30 samanborið við 36 konur. Kynjahlutfall stjórnenda er jafnt. Myndirnar hér að neðan sýna fjölda starfsmanna innan sviða, kynjahlutfall starfsmanna og aldersdreifingu starfsmanna.


#### Fjöldi starfsmanna eftir sviðum



Á myndinni koma ekki upplýsingar um tvo starfsmenn sem vinna við innra eftirlit og fjársýslustjóra.


Á árinu 2010 hættu 7 starfsmenn hjá stofnuninni, þar af 3 fyrir alders sakir. Tveir nýir starfsmenn voru ráðnir á árinu, þar af einn í tímabundið starf. Tveir starfsmenn eru í ársleyfi. Starfsmannavelta var um 10% samanborið við 4,2% árið 2009. Stjórnendastöður skiptust jafnt milli karla og kvenna. Meðalaldur starfsmanna er óbreyttur milli ára eða 49,9 ár. Meðalstarfsaldur er 12,4 ár. Háskólamentnaðir eru um 42% starfsmanna og eru viðskiptafræðingar í meirihluta.

#### Aldersdreifing starfsmanna



Veikindadagar (að frátöldum langvarandi veikindum) voru rúmlega 8,4 að meðaltali sem er nánast sami fjöldi og árið áður. Veikindafjarvistir að meðtöldum langvarandi veikindum voru 12,7 dagar að meðaltali á starfsmann á árinu 2010 miðað við 11,2 daga árið áður. Stöðugildi í árslok voru 64,8 samanborið við 68,8 árið áður.

Listi yfir starfsmenn FJS í árslok 2010 kemur fram aftast í skýrslunni.





Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins

Fjöldi bankainleggja fækkaði um 1,8% á milli ára og fækkaði tékkum einnig umtalsvert eða um 46%

## Kennitölur

Hér eru sýndar ýmsar lykiltölur um þá starfsemi sem innt er af hendi innan Fjársýslu ríkisins. Leitast er við að varpa ljósi á starfsemina með upplýsingum um ýmsar magntölur frekar en að draga fram kostnaðinn af henni. Slíkar upplýsingar koma að góðu gagni í tengslum við alla forgangsröðun verkefna og stefnumótun. Hagnýtt gildi þeirra er ótvírætt og mikilvægt að þær séu nýttar til stjórnunar og eftirlits með því hvernig til hefur tekist við að ná settum markmiðum. Í mörgum tilvikum gefa þær einnig góða vísbendingu um hvar má gera betur og möguleika á aukinni hagræðingu.

### Gerð ríkisreiknings

Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Á þann hátt er safnað á einn stað upplýsingum um fjármál allra ríkisaðila og gefin glögg mynd af heildarumsvifum ríkisins. Fjöldi reikningsliða hjá A-hluta ríkissjóðs var eftirfarandi:

	2010	2009
Æðsta stjórn ríkisins og ráðuneyti	13	13
Ríkisstofnanir	227	249
Tilfærsluliðir	88	86
Aðrir liðir	159	158
<b>Fjárlagaliðir samtals í A-hluta ríkisreiknings</b>	<b>487</b>	<b>506</b>

Í ríkisreikningi árið 2009 voru birtar lykiltölur úr ársreikningum 31 fyrirtækja og stofnana í eigu ríkisins í B, C, D og E- hluta. Árið 2010 fjölgaði þessum aðilum í 36 og stafaði fjölgunin aðallega af því að uppgjör 6 sparisjóða bættust inn í E-hlutann.

### Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir

Í aðalatriðum er greiðsluþjónusta FJS tvíþætt, þ.e. annars vegar fyrir ríkissjóð og hins vegar fyrir ráðuneyti og ýmsar smærri ríkisstofnanir.

Innlegg á bankareikninga	2010	2009
Bankainlegg vegna greiðslu reikninga o.fl.	145.810	154.271
Bankainlegg vegna launagreiðslna	289.755	301.437
Bankainlegg í barnabóta- og skattvinnslum	343.153	337.624
<b>Fjöldi bankainleggja</b>	<b>778.718</b>	<b>793.332</b>

Tékkar	2010	2009
Fjöldi tékka vegna greiðslu reikninga o.fl.	1.556	2.285
Fjöldi tékka vegna launagreiðslna	628	850
Fjöldi tékka í barnabóta- og skattvinnslum	19.573	37.167
<b>Fjöldi tékka</b>	<b>21.757</b>	<b>40.302</b>

Undanfarin ár hefur verið unnið að því að koma greiðslum beint inn á bankareikninga í stað þess að skrifa út tékka. Fjöldi innleggja fækkaði um 1,8% á milli ára og fækkaði tékkum einnig umtalsvert eða um 46%. Samanlagt nam fjöldi greiðslna um 800 þúsund á árinu 2010, fækkaði um 4% frá árinu á undan.

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð er vegna greiðslu á launum og framlögum til ríkisaðila og annarra sem fá framlög frá ríkissjóði. Þessar greiðslur ná einnig til barna- og vaxtabóta, skila á tekjum til sveitarfélaga, sókna- og kirkjugarðaráðs, skila á inneignum eftir skattalagningu o.fl. Loks nær greiðsluþjónustan einnig til innheimtu af veittum lánum og greiðslna af teknum lánnum ríkissjóðs.

Greiðsluþjónusta fyrir ráðuneyti og smærri ríkisstofnanir nær til greiðslna á aðsendum reikningum vegna rekstrarkostnaðar o.fl., styrkveitinga og samninga. Í flestum tilvikum annast stærri ríkisstofnanir sjálfar greiðslur á eigin reikningum.

	2010	2009
Fjöldi ráðuneyta og stofnana í greiðsluþjónustu FJS	89	88
Fjöldi skráðra reikninga	130.086	136.586
Rafrænir reikningar	4.521	660
Fjöldi bókaðra færslna	492.523	441.432
Fjöldi skannaðra skjala	700.857	754.516
Fjöldi greiðslna	147.366	156.556

Samkvæmt fjárreiðulögum hefur FJS yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila sem ríkisreikningur nær til

### Bókhaldsþjónusta og ráðgjöf við stofnanir ríkisins

Samkvæmt fjárreiðulögum hefur FJS yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila sem ríkisreikningur nær til. FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald og námskeiðahald sem tengist því. Bókhald stofnana sem eru í bókhaldsþjónustu er bókað og

	2010	2009
Fjöldi ráðuneyta og stofnana í bókhaldsþjónustu FJS	87	106
Ríkisstofnanir sem annast sjálfar eigið bókhald	153	156

skráð hjá FJS, en flestar þeirra eru einnig í greiðsluþjónustu.

FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald og námskeiðahald sem tengist því

### Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orri, er samhæft heildarlausn í viðskiptahugbúnaði. Kerfið keyrir á Oracle gagnagrunni og samanstendur af u.þ.b. 60 kerfishlutum þar á meðal fjárhagsbókhaldi, launa- og starfsmannakerfi, verkbókhaldi, innkaupakerfi, eignakerfi o. fl. Notendur tengjast hugbúnaðinum með vefskoðara yfir netið. Kerfið hefur verið lagað að íslenskum aðstæðum t.d. með tengingu við þjóðskrá og tekur mið af íslenskum reglum um virðisaukaskatt.

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orri, er samhæft heildarlausn í viðskiptahugbúnaði

Fjárhagskerfið heldur utan um bókhald ríkissjóðs og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf. Fjárhagskerfinu tilheyrir líka eignakerfi sem sett hefur verið upp hjá stofnunum. Kerfið heldur utan um alla varanlega rekstrarfjármuni til birt-

	2010	2009
Ráðuneyti og ríkisstofnanir sem nota Orra	224	246
Ríkisstofnanir utan Orra	16	16

ingar í ríkisreikningi.

Mannauðskerfið heldur utan um starfsmanna- og launagreiðslukerfi. Í starfsmannahlutanum liggja fyrir viðtækar upplýsingar þar á meðal um launakjör og aðrar forsendur sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að annast launagreiðslur til starfsmanna í gegnum launagreiðsluhlutann. Í kerfinu eru nú greidd laun starfsmanna hjá öllum A-hluta stofnunum og að auki hjá nokkrum B- og C-hluta stofnunum.

	2010	2009
Fjöldi launamanna	29.961	30.406
Fjöldi launavinnsla	14	15
Fjöldi launaseðla í útborgunum	290.383	302.287

Í febrúar 2007 var boðið upp á rafrænan launaseðil í kerfinu og í lok ársins 2010 voru um 77% launamanna farnir að nýta sér rafrænan launaseðil í stað þess að fá hann sendan á pappír. Þann 1. mars var endanlega hætt að gefa út launaseðla á pappír og þeir aðeins gefnir út á rafrænu formi.

Þann 1. mars var endanlega hætt að gefa út launaseðla á pappír og þeir aðeins gefnir út á rafrænu formi

Um 82 stofnanir ríkisins hafa nú tekið upp Vinnustund og í árslok 2010 voru 25 stofnanir farnar að nota nýtt ráðningarkerfi sem tekið var í notkun á árinu 2009

FJS hefur umsjón með tveimur kerfum sem notuð eru við innheimtu og skiptingu á tekjum ríkissjóðs, þ.e. Innheimtuskilakerfi og Tekjubókhaldskerfi ríkisins, TBR

FJS sér um að skipta og skila daglega innheimtri staðgreiðslu á milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga

Vinnustund er vaktaáætlunar- og viðverukerfi sérhannað af Skýrr. Vinnustund heldur utan um tíma- og fjarvistaskráningar starfsmanna ásamt því að vera öflugt tæki til að skipuleggja vinnutíma þeirra. Kerfið er sérsníðið fyrir ríkisstofnanir og tengist beint við mannauðskerfið. Um 82 stofnanir ríkisins hafa tekið upp Vinnustund og er lögð rík áhersla á að sem flestar ríkisstofnanir innleiði kerfið á næstunni. Útgáfa nýs ráðningarkerfis var tekin í notkun á árinu 2009. Í árslok 2010 voru **25 stofnanir farnar að nota kerfið.**

*Aðrir kerfishlutar* sem settir hafa verið upp í Orra eru: vörustýring, verkbókhald, birgðir, pantanir og vefverslun. Enn sem komið er hafa fáar stofnanir tekið upp þessa kerfishluta.

### Lánakerfi

FJS heldur utan um lánabókhald ríkissjóðs og nær það bæði til tekinna og veittra lána. Er það gert í svokölluðu Libra Loan lánakerfinu, sem sett var upp haustið 2007, og er þar haldið utan um öll veitt og tekin lán ríkissjóðs sem og skuldaviðurkenningar. Áfram hefur verið unnið að því að þróa kerfið frekar og tryggja fulla virkni þess. Í árslok 2010 voru veitt lán í umsýslu FJS 193 að tölu og tekin lán 307.

### Tekjubókhaldskerfi ríkisins

FJS hefur umsjón með tveimur kerfum sem notuð eru við innheimtu og skiptingu á tekjum ríkissjóðs, þ.e. Innheimtuskilakerfi og Tekjubókhaldskerfi ríkisins, TBR.

	2010	2009
Útgefnir greiðsluseðlar	930.153	953.787
Útgefnir gíróseðlar	515.864	583.015
Greiddir greiðslu- og gíróseðlar	1.014.399	1.001.262
Útsend innheimtubríf	226.547	216.180

Fjöldi útgefna greiðsluseðla fækkaði um 2,5% á milli ára og gíróseðlum fækkaði um 11,5%. Í heild voru útgefnir seðlar tæplega 1,4 milljónir á árinu 2010, fækkaði um 5,9% frá árinu á undan.

### Uppgjör og skil á staðgreiðslu


FJS sér um að skipta og skila daglega innheimtri staðgreiðslu á milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga. Jafnframt sér FJS um að skila sóknum og trúfélögum hlutdeild þeirra í tekjuskatti.

	2010	2009
Sveitarfélög	78	79
Sóknir	330	333
Kirkjugarðar (Kirkjugarðaráð Íslands og Kirkjugarðasjóður)	2	2

### Námskeið og ráðstefnur

Nokkur námskeið voru haldin fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir á árinu 2010 á vegum FJS og í samvinnu við aðra, svo sem fjármálaráðuneytið og Skýrr. Þessi námskeið voru í Orra, Vinnustund og gerð rekstraráætlana.









# Fjársýsla ríkisins

## Ársreikningur 2010

Fjársýsla ríkisins  
Vegmúla 3,  
Reykjavík.  
540269-7509

## Staðfesting ársreiknings

Fjársýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins með síðari breytingum. Fjársýsla ríkisins er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir fjármálaráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af fjármálaráðherra til fimm ára í senn.

Hlutverk Fjársýslu ríkisins er að samræma reikningsskil ríkisaðila og tryggja tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins. Jafnframt ber stofnuninni að stuðla að öruggri og skilvirkri greiðslumiðlun fyrir ríkissjóð.


Helstu verkefni:

- Gerð og framsetning uppgjöra fyrir ríkissjóð, ásamt útgáfu ríkisreiknings.
- Samræming og gerð verklagsreglna fyrir bókhald og reikningsskil ríkisins.
- Rekstur upplýsingakerfa, þróun og ráðgjöf er tengist notkun þeirra.
- Ráðgjöf og kennsla fyrir ríkisaðila um bókhald, reikningsskil, innheimtu og launaafgreiðslu. Einnig ráðgjöf um nýtingu fjárhagsupplýsinga við fjármálastjórn.
- Eftirfylgni með því að bókhald stofnana sé uppfært reglulega og um tilhögun innra eftirlits.
- Færsla fjárhags- og launabókhalds fyrir ríkisstofnanir eftir því sem hagkvæmt þykir.
- Móttaka innheimtufjár og að annast greiðslur fyrir ríkissjóð.
- Umsjón með innheimtugagnavinnum ríkissjóðs.

Á árinu 2010 nam tekjuafgangur stofnunarinnar 88,2 m.kr. Eignir samkvæmt efnahagsreikningi nema 269,4 m.kr., skuldir 27,5 m.kr. og eigið fé 241,9 m.kr.

Fjársýslustjóri staðfestir ársreikning stofnunarinnar með undirritun sinni.

Reykjavík, 29 júní 2011



Gunnar H. Hall,  
fjársýslustjóri.

## Áritun endurskoðenda

Til fjársýslustjóra og fjármálaráðuneytis

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fjársýslu ríkisins fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fjársýslu ríkisins á árinu 2010, efnahag hennar 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 29. júní 2011



Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi.



Óskar Sverrisson,  
endurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2010

Tekjur	Skýr.	2010	2009
Þjónustutekjur og aðrar tekjur .....	1	827.000	2.086.000
<b>Samtals</b>		<u>827.000</u>	<u>2.086.000</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
<b>Almennur rekstur</b>			
Launagjöld og starfsmannakostnaður .....	2	447.594.633	459.886.991
Starfstengdur kostnaður .....	3	1.869.710	2.946.465
Rekstrarvörur og aðkeypt þjónusta .....	4	5.254.179	7.593.993
Prentun og póstburðargjöld .....	5	5.892.958	7.038.118
Sími og tengigjöld .....	6	4.221.575	4.408.162
Leigugjöld .....	7	40.385.477	39.616.145
Viðhald á tækjum og búnaði .....	8	1.272.975	1.832.520
Eignakaup .....	9	2.574.958	3.104.031
<b>Samtals</b>		<u>509.066.465</u>	<u>526.426.425</u>
<b>Rekstur upplýsingakerfa</b>			
Tekjubókhaldskerfi .....	10	359.287.221	344.211.905
Fjárhags- og starfsmannakerfi .....	11	458.123.942	448.027.177
<b>Samtals</b>		<u>817.411.163</u>	<u>792.239.082</u>
<b>Rekstrargjöld alls</b>		<u>1.326.477.628</u>	<u>1.318.665.507</u>
<b>Stofnkostnaður</b>			
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi .....	12	10.148.700	5.103.853
Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi .....	13	0	1.051.646
<b>Samtals</b>		<u>10.148.700</u>	<u>6.155.499</u>
<b>Gjöld alls</b>		<u>1.336.626.328</u>	<u>1.324.821.006</u>
<b>Tekjuhalli fyrir ríkisframlag</b>		( 1.335.799.328)	( 1.322.735.006)
Ríkisframlag .....		<u>1.424.000.000</u>	<u>1.400.600.000</u>
<b>Tekjuafgangur ársins</b>		<u>88.200.672</u>	<u>77.864.994</u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Ríkissjóður .....	14	267.778.490	232.560.209
Skammtímakröfur .....		1.583.000	88.453
		<u>269.361.490</u>	<u>232.648.662</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>269.361.490</u>	<u>232.648.662</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
<i>Höfuðstóll:</i>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		207.991.294	130.126.300
Breyting vegna lokafjárlaga .....		( 54.300.000)	0
Tekjuafgangur ársins .....		88.200.672	77.864.994
<b>Höfuðstóll</b>	15	<u>241.891.966</u>	<u>207.991.294</u>
<b>Eigið fé</b>		<u>241.891.966</u>	<u>207.991.294</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreiddur kostnaður .....		27.469.524	24.657.368
<b>Skuldir</b>		<u>27.469.524</u>	<u>24.657.368</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>269.361.490</u>	<u>232.648.662</u>

## Sjóðstreymi árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur ársins.....		88.200.672	77.864.994
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<u>88.200.672</u>	<u>77.864.994</u>
<i>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur (hækkun), lækkun.....	(	1.494.547)	627.547
Viðskiptaskuldir hækkun.....		2.812.156	417.223
		<u>1.317.609</u>	<u>1.044.770</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		89.518.281	78.909.764
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs.....	(	1.424.000.000)	( 1.400.600.000)
Greitt úr ríkissjóði.....		1.334.481.719	1.321.690.236
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<u>( 89.518.281)</u>	<u>( 78.909.764)</u>
<b>Breyting á handbæru fé.....</b>		0	0
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>		0	0
<b>Handbært fé í lok ársins</b>		<u>0</u>	<u>0</u>

## Skýringar

### Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fjársýslu ríkisins er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

#### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki greiða almennt ekki tekjuskatta.

#### Skráning tekna

Tekjur stofnunarinnar eru bókaðar í þeim mánuði sem reikningar eru gefnir út.

#### Skráning gjalda

Gjöld eru almennt bókuð þegar reikningar berast. Reikningar eru áritaðir og greiddir hjá stofnuninni.

#### Starfspáttagreining

Rekstrarreikningur skiptist á viðfangsefni sem falla að skipulagi stofnunarinnar en sundurgreining á tegundir er í skýringum.

#### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

#### Handbært fé

Stofnunin heldur engan sjóð og á ekki neinn bankareikning.

#### Lífeyrisskuldbinding

Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

#### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

## Skýringar

### Bókhald og fjárvarsla

Rekstrarsvið Fjársýslu ríkisins sér um færslu bókhaldsins fyrir stofnunina en ríkisfjárhirsla annast greiðslu reikninga. Útreikningur og greiðsla launa fer fram í fjárhags- og starfsmannakerfi ríkisins, Orra, en stofnunin sér um rekstur og viðhald þess.

### Fjárheimildir og rekstur

Fjárveitingar á fjárlögum námu samtals 1.424,0 m.kr. Engar breytingar urðu á fjárheimildum á árinu.

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum námu 1.335,8 m.kr. og tekjuafgangur af starfseminni var 88,2 m.kr.

Rekstrarafgangur af almennum rekstri nam 11,5 m.kr., af rekstri upplýsingakerfa nam 62,9 m.kr. og rekstrarafgangur af stofnkostnaði nam 13,9 m.kr.

### Framsetning fjárlaga í þús. kr.

	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Almennur rekstur.....	519.700	519.700	508.239	11.461
Tekjubókhaldskerfi.....	381.700	381.700	359.287	22.413
Fjárhags- og starfsmannakerfi.....	498.600	498.600	458.124	40.476
Almennur rekstur samtals	<u>1.400.000</u>	<u>1.400.000</u>	<u>1.325.651</u>	<u>74.349</u>
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi....	9.000	9.000	10.149	( 1.149)
Hugbún.gerð fyrir fjárh.- og starfsm.kerfi....	15.000	15.000	0	15.000
Stofnkostnaður samtals	<u>24.000</u>	<u>24.000</u>	<u>10.149</u>	<u>13.851</u>
Samtals	<u>1.424.000</u>	<u>1.424.000</u>	<u>1.335.799</u>	<u>88.201</u>

Rekstrarreikningur ársins 2010, sundurliðaður eftir tegundum, er með eftirgreindum hætti:

Í þús.kr.	2010	2009
Sértekjur.....	( 827)	( 2.086)
Laun og launatengd gjöld.....	447.595	459.887
Önnur rekstrargjöld.....	61.472	66.539
Rekstur upplýsingakerfa.....	<u>817.411</u>	<u>792.239</u>
	1.325.651	1.316.580
Stofnkostnaður upplýsingakerfa.....	<u>10.149</u>	<u>6.155</u>
Samtals	<u>1.335.799</u>	<u>1.322.735</u>

## Skýringar

### Sundurliðanir

#### 1. Tekjur

Tekjur lækkuðu um 1,3 m.kr. á milli ára. Þjónustutekjur eru aðallega vegna námskeiðahalda og skýrist lækun þeirra einkum af því að á árinu 2009 voru haldin 15 námskeið í rekstraráætlunum í tengslum við Orra, fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins. Aðrar tekjur eru vegna sölu á notuðum tölvubúnaði.

	2010	2009
Þjónustutekjur.....	761.000	1.811.000
Aðrar tekjur.....	66.000	275.000
	<u>827.000</u>	<u>2.086.000</u>

#### 2. Launagjöld og starfsmannakostnaður

Launakostnaður dróst saman um 12,3 m.kr. milli ára eða um 2,7%. Ársverk voru 64,8 og hefur þeim fækkað um 4,0 eða um 5,8% milli ára.

Launagjöld sem millifærð voru á rekstur upplýsingakerfa námu 1,7 m.kr.

Dagvinna.....	285.397.079	299.206.127
Aukagreiðslur.....	23.102.431	26.002.177
Yfirvinna.....	52.896.126	57.001.975
Launatengd gjöld.....	86.569.062	80.736.530
Starfsmannakostnaður.....	1.298.328	1.913.392
	<u>449.263.026</u>	<u>464.860.201</u>
Launagjöld millifærð á rekstur upplýsingakerfa.....	( 1.668.393)	( 4.973.210)
	<u>447.594.633</u>	<u>459.886.991</u>

#### 3. Starfstengdur kostnaður

Kostnaðurinn lækkaði um 1,1 m.kr. á milli ára eða um 36,5%. Lækkunin stafar af því að föstum aksturssamningum við starfsmenn var sagt upp á árinu. Ferðakostnaður vegna tekju-, fjárhags- og starfsmannakerfa er færður með útgjöldum á þau viðfangsefni.

Ferðakostnaður.....	482.334	556.740
Námskeið.....	331.900	109.600
Akstur.....	808.258	2.139.539
Risna og gjafir.....	117.218	30.586
Framlög til góðgerðarmála.....	130.000	110.000
	<u>1.869.710</u>	<u>2.946.465</u>



## Skýringar

### 4. Rekstrarvörur og aðkeypt þjónusta

Kostnaður þessi lækkaði um 2,3 m.kr. eða 30,8% milli ára. Lækkunin stafaði af aðhalds- og sparnaðaraðgerðum sem stofnunin fór í vegna niðurskurðar á fjárveitingum.

	2010	2009
Bækur og ritföng.....	1.095.204	1.779.707
Rekstrarvörur, smááhöld o.fl.....	2.080.969	3.783.318
Aðkeyptur akstur.....	477.834	300.307
Máltíðir og kaffikostnaður.....	1.019.928	1.065.085
Annar rekstrarkostnaður.....	580.244	665.576
	<u>5.254.179</u>	<u>7.593.993</u>

### 5. Prentun og póstburðargjöld

Kostnaður þessi lækkaði milli ára um 1,1 m.kr. eða um 16,3%. Undir prentkostnað er m.a. færð prentun ríkisreiknings og ársskýrslu stofnunarinnar. Lækkunin á þessum lið stafar af því að ársreikningar stofnana sem og ársskýrsla Fjársýslunnar voru aðeins gefin út á rafrænu formi sem og af almennu aðhaldi í prentun.

Prentun.....	4.005.532	4.951.698
Póstburðar- og flutningsgjöld.....	1.887.426	2.086.420
	<u>5.892.958</u>	<u>7.038.118</u>

### 6. Sími og tengigjöld

Kostnaðurinn lækkar um 0,2 m.kr. milli ára eða um 4,2%.

Sími.....	4.087.792	4.243.882
Afnotagjöld af skráum og línum.....	133.783	164.280
	<u>4.221.575</u>	<u>4.408.162</u>

### 7. Leigugjöld

Stofnunin var á árinu 2010 með aðsetur að Sölvhólgötu 7 og leigði húsnæðið af Rekstrarfélagi stjórnarráðsbygginga. Húsaleiga nam 40,4 m.kr. og hækkaði um 1,9% á milli ára.

### 8. Viðhald á tækjum og búnaði

Kostnaður við viðhald tækja og búnaðar lækkaði um 0,6 m.kr. milli ára eða 30,5%.

Viðhald fasteigna.....	189.334	524.398
Viðhald skrifstofuvéla og tækja.....	997.784	1.023.307
Annað viðhald.....	85.857	284.815
	<u>1.272.975</u>	<u>1.832.520</u>

## Skýringar

### 9. Eignakaup

Kostnaður við eignakaup dróst saman um 0,5 m.kr. milli ára eða 17,0%, að mestu leyti vegna minni kaupa á húsgögnum.

	2010	2009
Tölvubúnaður .....	2.503.971	2.327.451
Húsgögn og búnaður .....	70.987	617.340
Önnur eignakaup .....	0	159.240
	<u>2.574.958</u>	<u>3.104.031</u>

### 10. Rekstur tekjubókhaldskerfis

Útgjöld vegna reksturs tekjubókhaldskerfisins námu 359,3 m.kr. og hækkuðu um 15,1 m.kr. milli ára eða 4,4%. Afnotagjöld eru m.a. þjónustugjöld vegna afnota TBR af skráð þjóðskrár.

Rekstrarsamningur .....	219.512.320	207.465.375
Samningur um þróun og viðhald .....	132.459.012	129.962.988
Afnotagjöld .....	7.315.889	6.783.542
	<u>359.287.221</u>	<u>344.211.905</u>

### 11. Rekstur fjárhags- og starfsmannakerfis

Útgjöldin námu 458,1 m.kr. og hækkuðu um 10,1 m.kr. milli ára eða um 2,3%.

Orri - rekstrarsamningar .....	115.552.579	103.106.551
Orri - viðhaldsgjöld .....	105.746.050	100.750.705
Orri - þjónustusamningar .....	154.750.412	155.954.988
Orri - ýmis kostnaður .....	51.524.049	49.197.656
Önnur kerfi .....	30.550.852	39.017.277
	<u>458.123.942</u>	<u>448.027.177</u>

### 12. Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi

Aðkeypt sérfræðiþjónusta vegna hugbúnaðargerðar fyrir tekjubókhaldskerfi nam 10,1 m.kr.

### 13. Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi

Aðkeypt sérfræðiþjónusta vegna hugbúnaðargerðar fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi nam 1,1 m.kr. á árinu 2009 en var engin á árinu 2010.

## Skýringar

### 14. Viðskiptareikningur ríkissjóðs

Í efnahagsreikningi er gerð grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Höfuðstóll Fjársýslunnar var skertur um 54,3 m.kr. í lokafjárlögum og hefur það áhrif til lækkunar á inneign stofnunarinnar hjá ríkissjóði. Í árslok nam krafa stofnunarinnar á ríkissjóð því 267,8 m.kr. en í upphafi árs 232,6 m.kr. og hefur hækkað um 35,2 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2010 .....	232.560.209
Breyting vegna lokafjárlaga .....	( 54.300.000)
Ríkisframlag .....	1.424.000.000
Greitt úr ríkissjóði .....	( 1.334.481.719)
Staða 31. desember 2010 .....	<u>267.778.490</u>

### 15. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í árslok sýnir höfuðstóll stofnunarinnar ónýttar heimildir að fjárhæð 241,9 m.kr. Eigið fé hækkaði um 33,9 m.kr. á árinu eða sem nemur tekjuafgangi ársins að frádreginni breytingu vegna lokafjárlaga.


Höfuðstóll 1. janúar 2010 .....	207.991.294
Breyting vegna lokafjárlaga .....	( 54.300.000)
Ríkisframlag .....	1.424.000.000
Gjöld að frádregnum sértekjum .....	( 1.335.799.328)
Höfuðstóll 31. desember 2010 .....	<u>241.891.966</u>

#### Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2010	2009	2008	2007	2006
Tekjur.....	( 827)	( 2.086)	( 6.280)	( 836)	( 2.193)
Gjöld.....	509.066	526.426	519.201	463.636	431.889
Rekstur upplýsingakerfa.....	817.411	792.239	717.946	648.248	593.288
Stofnkostn. upplýs. kerfa.....	10.149	6.155	19.358	16.025	17.083
Gjöld umfram sértekjur .....	1.335.799	1.322.735	1.250.226	1.127.072	1.040.067
Ríkisframlag.....	1.424.000	1.400.600	1.239.300	1.175.700	1.081.300
Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....	<u>88.201</u>	<u>77.865</u>	<u>( 10.926)</u>	<u>48.628</u>	<u>41.233</u>
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir.....	269.361	232.649	154.366	164.995	120.582
Eignir alls .....	<u>269.361</u>	<u>232.649</u>	<u>154.366</u>	<u>164.995</u>	<u>120.582</u>
Höfuðstóll.....	241.892	207.991	130.126	141.052	92.424
Skuldir.....	27.470	24.657	24.240	23.943	28.158
Eigið fé og skuldir alls .....	<u>269.361</u>	<u>232.649</u>	<u>154.366</u>	<u>164.995</u>	<u>120.582</u>







# STARFSMENN FJÁRSÝSLU RÍKISINS Í ÁRSLOK 2010

Gunnar H. Hall, fjársýslustjóri

## Bókhaldssvið

Alfreð Svavar Erlingsson, forstöðumaður  
Anna Guðmundsdóttir  
Bryndís Sveinsdóttir  
Brynhildur Birgisdóttir  
Einar Torfi Ásgeirsson  
Guðný Guðlaugsdóttir  
Guðrún Ingbjörg Alexíusdóttir  
Hanna Dóra Haraldsdóttir  
Hildur Hafsteinsdóttir  
Hulda Björk Guðjónsdóttir  
Hulda Þórisdóttir  
Ingbjörg Sivertsen Jónsdóttir  
Kristín Hildimundardóttir  
Lára Guðmundsdóttir  
Margrét Bjarnadóttir  
Sara Magnea Tryggvadóttir  
Sóley Jakobsdóttir  
Sunna Þórsdóttir

## Ríkisfjárhirsla

Magni Steinsson, forstöðumaður  
Guðmundur Vigfússon  
Kristín Orradóttir  
Sigríður Vigfúsdóttir  
Thelma Hólm Másdóttir

## Tekjusvið

Ásta Garðarsdóttir, forstöðumaður  
Barði E. Barðason  
Guðjón Á. Ríkharðsson  
Halldór Jóhann Harðarson  
Jónas H. Jónsson  
Kristján Geir Ólafsson  
Máni Radmanesh  
Pétur Óli Jónsson  
Steinvör Edda Einarsdóttir  
Þorvaldur Steinarsson

## Launasvið

Lára G. Hansdóttir, forstöðumaður  
Drifa Ósk Sumarliðadóttir  
Geir Thorsteinsson  
Guðbjörg Sigurðardóttir  
Guðrún Guðmundsdóttir  
Guðrún J. Haraldsdóttir  
Hulda Jónsdóttir  
Ragnheiður Jónsdóttir

## Tæknisvið

Stefán Kjærnested, varafjársýslustjóri  
Bergþór Skúlason  
Björn Kristjánsson  
Guðbrandur Jón Jónsson  
Gunnar Guðnason  
Helgi Nielsen  
Jóhann Þór Arnarsson  
Þorkell Pétursson

## Rekstrarsvið

Ragnheiður Gunnarsdóttir, forstöðumaður  
Hansína Rut Rútsdóttir  
Haraldur Blöndal  
Oddrún Pétursdóttir  
Pétur Ó. Einarsson, starfsmannastjóri  
Sigríður Ingólfssdóttir  
Svanhvít Erla Einarsdóttir

## Uppgjörssvið

Helga Viðarsdóttir, forstöðumaður  
Ása Ólafsdóttir  
Elín Viola Magnúsdóttir  
Kristján Jón Jónsson  
Theodóra P. Sigurðardóttir  
Úlfar G. Ásmundsson  
Þorvaldur Egilson

## Innra eftirlit

Bjarni Kr. Grímsson  
Pétur Jónsson